

GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi,
Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi.**

1. gr.

Af hundum í Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi skal Heilbrigðiseftirlitið innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. 15. gr. samþykktar nr. 154/2000 um hundahald í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ, sbr. 3. gr. samþykktar nr. 332/1998 um hundahald í Mosfellsbæ og sbr. 3. gr. samþykktar nr. 579/2008 um hundahald í Seltjarnarneskaupstað.

2. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt leyfisgjald sem hér segir fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er ábyrgðartrygging, númeraplata og umsýslugjald heilbrigðiseftirlitsins.

Einn hundur

kr. 15.000

Ekki er innheimt leyfisgjald á því ári sem hundur er skráður.

3. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Tvö tímagjöld heilbrigðiseftirlits

kr. 37.000

Ekki er innheimt handsömunargjald af skráðum hundum.

Greiða skal þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

4. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtuskostnaðar. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

5. gr.

Hafi leyfishafi lokið námskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirlitinu, er heilbrigðisnefnd heimilt, að fenginni umsókn, að lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar um allt að helming, frá þeim tíma sem fullnægjandi gögn voru lögð fram, enda mæli ekki önnur atriði á móti því sbr. samþykkt um hundahald nr. 154/2000. Skilyrt er að gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari séu ekki í vanskilum.

6. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður eða lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Garðabæjar 21. október 2021, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 12. janúar 2022, bæjarstjórn Kópavogsbæjar 14. desember 2021, bæjarstjórn Mosfellsbæjar 12. janúar 2022 og bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar 9. febrúar 2022, staðfestist hér með vísun til ákvæða 12. gr. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1370/2020

Nr. 172

10. febrúar 2022

um hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi, gjaldskrá nr. 341/2019 fyrir hundahald á Seltjarnarnesi og gjaldskrá nr. 1525/2020 fyrir hundahald í Mosfellsbæ.

Garðabæ, 10. febrúar 2022.

F.h. heilbrigðisnefndar,

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 10. febrúar 2022